

**1939 nr. 44 24. júlí****Tilskipun um aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, er ekki eiga í ófriði, að íslensku forráðasviði**

Tók gildi 27. nóvember 1939.

**I. kafli. Erlend herskip.**

■ **1. gr.** Herskipum erlendra ríkja, sem ekki eiga í ófriði er frjálst að koma á íslenskar hafnir og í aðra íslenska landhelgi, enda hafi koma þeirra verið fyrirfram tilkynnt opinbera boðleið, og ekki annað ákveðið í sérstökum dæmum. Þó skal ekki fleirum en þremur herskipum sama ríkis heimilt að dvelja í sömu íslenskri höfn, og ekki má dvöl herskips í höfn vera lengri en 15 dagar.

□ Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar er hægt að gera með sérstöku leyfi, fengnu opinbera boðleið.

■ **2. gr.** Undanþegin ákvæðum 1. gr. eru:

a. herskip, sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinberan fulltrúa hans, svo og þau skip, er því fylgja, enda séu þau ekki fleiri en þrjú,

b. herskip, sem lenda í sjávarháská,

c. herskip, sem ætluð eru einungis til eftirlits með fiskveiðum eða til vísindalegra rannsókna,

d. herskip, sem sigla viðstöðulaust gegnum íslenska landhelgi (passage inoffensif).

■ **3. gr.** Erlendu herskipi er óheimilt að framkvæma sjómælingar eða dýptarmælingar (aðrar en þær, sem nauðsynlegar eru skipinu á ferð þess) og að halda hvers konar heræfingar í íslenskri landhelgi eða á íslensku landi.

□ Erlundur kafbátur skal jafnan vera ofansjávar, meðan hann heldur sig innan íslenskrar landhelgi.

■ **4. gr.** Erlendu herskipi er skylt að fylgja á íslensku forráðasviði gildandi ákvæðum um hollustuháttu, hafnsögu og tollgæslu.

■ **5. gr.** Erlendum herskipum er skylt að leggjast við akkerisfestar á þann stað í íslenskri höfn, eða skipalægi, er hlutaðeigandi hafnaryfirvöld, ef til eru, benda þeim á, og er samkvæmt beiðni skylt að flytja sig til í höfn eða skipalægi, eftir nánari tilvísun.

□ Leyfi, sem gefin hafa verið erlendum herskipum til að

dvelja í íslenskri höfn eða á íslensku skipalægi, eru afturkallanleg hvenær sem er.

■ **6. gr.** Áhöfn erlends herskips, sem liggur í íslenskri höfn, er óheimilt að bera vopn í landi, þó skal liðsforingjum, undirforingjum og liðsforingjaefnum heimilt að bera þau vopn í landi, er tilheyra einkennisbúningi þeirra.

**II. kafli. Erlend herloftför.**

■ **7. gr.** Erlendum herloftförum er bannað að koma á íslenskt forráðasvið, nema samkvæmt áður fengnu leyfi opinbera boðleið. Undanþegin ákvæðum þessarar greinar eru:

a. loftfar, sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinbera fulltrúa hans, svo og þau loftför, er því fylgja, enda séu þau ekki fleiri en þrjú,

b. loftfar, sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, er það dvelst í eða siglir um íslenska landhelgi,

c. loftfar, sem er í háská statt.

■ **8. gr.** Loftfari, sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, sem dvelst í eða siglir um íslenska landhelgi, er óheimilt að hefja sig til flugs á íslensku forráðasviði, nema að fengnu leyfi samkvæmt undanfarandi grein, og skulu með leyfisbeiðninni fylgja þær upplýsingar, er getur í næstu grein hér á eftir.

■ **9. gr.** Beiðni um leyfi það, sem um ræðir í 7. gr., skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Tölu þeirra herloftfara, er taka eiga þátt í fluginu.

2. Tegund og einkenni loftfaranna.

3. Ráðgerða leið yfir íslenskt forráðasvið.

4. Staði þá, sem ráðgert er að heimsækja.

5. Komu- og brottfarartíma.

6. Sé um loftfar með þráðlausum firðritunar- eða firðtalstækjum að ræða, skulu tilgreind hin ýmsu kallmerki.

7. Áhöfn og tölu hennar.

8. Vopnaútbúnað loftfaranna.

9. Myndatæki, sem loftför hafa meðferðis.

■ **10. gr.** Erlend herloftför skulu á íslensku forráðasviði fylgja vandlega gildandi ákvæðum, sem sett eru til öryggis loftferðum.

□ Heimilt er að hafa í herloftfari vopn, án skothleðslna, svo og ljósmyndatæki án annars útbúnaðar til myndatöku.

□ Erlendum herloftförum er bannað að halda heræfingar á íslensku forráðasviði.